

Nýr Samningur

 Framlenging á samningi (skert starfsfærni)


### Samningur um reynsluráðningu

skv. 4. gr. reglugerðar nr. 12/2009 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki.

Fyrirtæki:	Kennitala:
Heimilisfang:	Póstnúmer:
Vinnustaður/starfsstöð:	Starfsheiti/Atvinnugrein:
Tengiliður í fyrirtæki :	Sími og netfang tengiliðs:

Nafn starfsmanns:	Kennitala:
Heimilisfang:	Póstnúmer:
Sími/GSM:	Netfang:
Ráðningartímabil sem styrkt er <sup>1</sup> :	Mánaðarlaun kr.:
Bótaprósenta starfsmanns % <sup>2</sup> :	Viðbótarstyrkur til fyrirtækis <sup>3</sup> : ( ) já ( ) Nei %
Samningur stéttarfélags:	Starfshlutfall starfsmanns %:

Lýsing á helstu verkefnum starfsmanns:

<sup>1</sup> Fyrirtækið/stofnunin samþykkir að ráða starfsmann til jafnlangs tíma til viðbótar við það ráðningartímabil sem styrkur er veittur til. Styrkur getur mest verið til sex mánaða vegna sama atvinnuleitanda en hægt er að framlengja hann ef einstaklingur er með skerta starfsorku og því nauðsynlegt að veita lengri tíma til hæfingar að mati ráðgjafa Vinnuábyrgðarmálaráðgjafi.

<sup>2</sup> Vinnuábyrgðarmálaráðgjafi greiðir í styrk til vinnuveitanda sem nemur upphæð atvinnuleysistryggingar sem atvinnuleitandi á rétt úr í Atvinnuleysistryggingarsjóði auk 8% mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð.

<sup>3</sup> Ef samþykktur er viðbótarstyrkur greiðist sem nemur mismun á rétt atvinnuleitanda til atvinnuleysistryggingar og fullra bóta grunnatvinnulífeyris auk 8% mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð.

1. Reynsluráðning felur í sér fulla þátttöku atvinnuleitanda í starfsemi vinnustaðar og skuldbindur vinnuveitandi sig til að ráða atvinnuleitanda til jafnlangs tíma eftir að reynsluráðningu lýkur og það tímabil sem reynsluráðningin stóð yfir enda miðar reynsluráðning að því að stuðla að framtíðarráðningu hans hjá fyrirtækinu.
2. Atvinnuleitandi er í reynsluráðningu á ábyrgð vinnuveitanda og nýtur sömu réttinda, þ. m. t. trygginga, og hefur sömu skyldur og aðrir starfsmenn hans í samræmi við starfslýsingu.
3. Atvinnuleitanda er heimilt að þiggja starf á gildistíma samningsins ef honum býðst það og samkomulag verður á milli hans og vinnuveitanda um lok reynsluráðningar.
4. Samhliða reynsluráðningu skal fara fram mat á starfi og starfsgetu atvinnuleitanda sem Vinnumálastofnun annast í samráði við verkstjóra eða leiðbeinanda á vinnustaðnum.
5. Eftirlitsaðili með framkvæmd samningsins er Vinnumálastofnun og hefur hún rétt á að hlutast til um að framkvæmd hans sé í samræmi við ákvæði samningsins, sbr. reglugerð um vinnumarkaðsaðgerðir.
6. Breytingar á vinnutilhögun skv. samningi þessum skulu gerðar í samráði við Vinnumálastofnun. Verði breytingar á vinnutilhögun án samráðs við Vinnumálastofnun skal litið svo á að samningurinn sé úr gildi fallinn.
7. Vinnuveitandi skal tilkynna Vinnumálastofnun ef atvinnuleitandi stendur ekki við gerðan samning.
8. Standi atvinnuleitandi ekki við samninginn að mati Vinnumálastofnunar þrátt fyrir tilraunir til úrbóta skal litið svo á að samningurinn sé úr gildi fallinn og skal hann sendur Greiðslustofu til ákvörðunar um áframhaldandi bótarétt sbr. 14. gr. og 58. gr. sbr. 61 gr. laga nr. 54/2006. Vanefnd á samningi þessum kann að valda missi bótaréttar í 40 bótadaga.
9. Vanefndir af hálfu vinnuveitanda veitir Vinnumálastofnun rétt til að stöðva greiðslur tímabundið á meðan verið er að vinna að úrbótum. Samningur þessi fellur úr gildi ef ekki er bætt úr vanefndum.
10. Með uppsögn samnings þessa skal fara skv. lögum og kjarasamningum.
11. Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins skal vísa honum til Vinnumálastofnunar.

---

Staður og dagsetning

---

F.h. fyrirtækis

---

Atvinnuleitandi

---

F.h. Vinnumálastofnunar